

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 24/2014

2014/EES/42/21

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1082/2012 frá 9. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar ESB-fullgildingu á flugvernd ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 654/2013 frá 10. júlí 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar gátlista fyrir einingar frá þriðja landi varðandi ESB-fullgildingu flugverndar ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 66he (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32012 R 1082**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1082/2012 frá 9. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 324, 22.11.2012, bls. 25),
- **32013 R 0654**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 654/2013 frá 10. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 1082/2012 og (ESB) nr. 654/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 324, 22.11.2012, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 190, 11.7.2013, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.